

144

18. ágúst

AUGLÝSING

um meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum fyrir tímabilið frá 1. ágúst 1945 til 31. júlí 1946.

- I. Reykjavíkurborg, Akranesbær, Ísafjarðarkaupstaður, Siglufjarðarkaupstaður, Akureyrarkaupstaður, Vestmannaeyjakaupstaður og Hafnarfjarðarkaupstaður:

Til fulls 4 ára aldurs	kr.	680.00
— — 7 — — —		570.00
— — 15 — — —		680.00
— — 16 — — —		340.00

- II. Gullbringusýsla, Kjósarsýsla, Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Austur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Barðastrandarsýsla, Norður-Ísafjarðarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla, Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Eyjafjarðarsýsla, Norður-Þingeyjarsýsla, Suður-Þingeyjarsýsla, Norður-Múlasýsla, Suður-Múlasýsla, Austur-Skaftafellssýsla, Vestur-Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla, Árnes-sýsla, Ólafsfjarðarkaupstaður, Seyðisfjarðarkaupstaður og Neskaupstaður:

Til fulls 4 ára aldurs	kr.	570.00
— — 7 — — —		465.00
— — 15 — — —		570.00
— — 16 — — —		285.00

Á meðgjöf þessa skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt visitölu eins og hún verður hvern mánuð á tímabilinu ágúst 1945 til júlí 1946. Verðlagsuppbótin greiðist mánaðarlega eftir á.

Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1945.

Finnur Jónsson.

Gunnl. E. Briem.

145

25. ágúst

SAMÞYKKT

um fjárskipti á svæðinu milli Jökulsár á Fjöllum og Skjálfafljóts sunnan Mývatnsgirðingar samkvæmt lögum nr. 88 frá 1941.

1. gr.

Svæði það, sem samþykkt þessi nær til, er Skútustaðahreppur allur, Bárðdælahreppur, austan Skjálfafljóts norður að fjárpestargirðingu hjá Arndísarstöðum. Enn fremur Holt og Laugasel í Reykdælahreppi.

2. gr.

Útrýming alls sauðfjár og geitfjár á nefndu svæði skal fara fram þegar á næsta hausti (1945). Fjárnfjöldi á svæðinu um síðustu áramót mun hafa verið tæplega 5000 fjár.

3. gr.

Fulltrúaráð fjárskiptamála skipa 6 menn, eða 3 fyrir hvorn hrepp og skulu þeir kosnir á almennum fundi atkvæðisbærra fjáreigenda í hvorum hreppi. Kjósa skal fulltrúana hlutbundnum kosningum ef óskað er. Enn fremur skal kjósa jafnmarga varamenn. Fulltrúaráðið kys 3 menn í framkvæmdanefnd og aðra 3 til vara.

145

25. ágúst

4. gr.

Aðalstörf framkvæmdanefndar eru:

Að sjá um fullkomna eyðingu hins gamla fjárstofns;

að sjá um að einangrun svæðisins sé sem allra bezt tryggð;

að greiða fyrir kaupum á ósýktu fé til fjárskiptanna og sjá um að framkvæmdir allar séu í sem beztu lagi og í samræmi við gildandi lög, er þar að lúta. Framkvæmdanefndinni er heimilt að velja mann eða menn, til að fara á fund sauðfjár-sjúkdómanefndar, til að vinna að framgangi málsins og er að öðru leyti skylt að starfa að málefnum fjárskiptasvæðisins í samráði við nefndina og framkvæmdastjóra hennar.

5. gr.

Sameiginlegur kostnaður, sem ekki tilheyrir fjárkaupum og jafnast á innkeypt fé, skiptist á hreppana í hlutfalli við meðalfjártölu þeirra samkvæmt vorframtölum síðustu þriggja ára, áður en fjárskipti fara fram.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 88 9. júlí 1941, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. ágúst 1945.

Pétur Magnússon.

Gunnl. E. Briem.

L Ö G R E G L U S A M Þ Y K K T

fyrir Suður-Þingeyjarsýslu.

146

27. ágúst

F Y R S T I Þ Á T T U R

Ákvæði, er taka bæði til kaupsins og sveita.

I. KAFLI

Um velsæmi og hegðun.

1. gr.

Á almannafæri mega uppbot og óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn safnast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina.

Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða ætluð eru til almennings afnota, svo sem leikvelli, torg, bryggjur, bólvirki, svo og veitingastaði, afgreiðslustaði bifreiða, úti-samkomusvæði o. þ. h. Um samkomuhús, brýr, skeiðvelli og fjárréttir gilda ákvæði samþykktar þessarar um almannafæri, eftir því, sem við á.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, samkomuhúsa eða annars staðar, þar sem almenningur kemur saman,